

Bæjarráð Vestmannaeyja
20.09.2021

Á goslokum 2022 fær Björgunarfélag Vestmannaeyja afhent nýtt björgunarskip.

Um er að ræða fyrsta skip af þremur sem fóru í útboðsferli hjá Ríkiskaupum. Íslenska ríkið fjármagnar helminginn af kaupverðinu og Björgunarfélag Vestmannaeyja ásamt Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu skiptum á okkur hinum helmingnum.

Það er Finnski skipa framleiðandinn Kewatec sem sér um smíði fyrstu þriggja skipanna og mun kjölur þess verða lagður fyrstu vikuna í Nóvember en markmiðið er að endurnýja öll 13 skip Slysavarnarfélags Landsbjargar á næstu árum.

Skipið er búið öllum fullkornustu siglingartækjum og búnaði sem völ er á. Mesti ganghraði er um 38 mílur og ristir hann 0,8 metra, skráð lengd er 14,9 m en heildarlengd um 17 metrar. Til samanburðar er Þór í dag 14,9 m að heildarlengd. Nýji báturinn er með tvö jet og hliðarskrúfu sem tryggir honum afburðar stjórn hæfni. Hann er búinn krana til að ná fólki úr sjó ásamt því að vera með öflugan slökkvidælu og brunastút.

Með tilkomu þessa nýja Björgunarskips styrkist björgunarnet eyjanna til muna þar sem fólksflutningar sjóleiðina og komur skemmtiferðaskipa á svæðið hefur aukist til muna síðustu ár.

Báturinn hentar vel til sjúkraflutninga, bæði til að sækja veika einstaklinga úr úteyjum sem og í önnur skip. Hann mun einnig styrkja gríðarlega sjúkraflutninga milli lands og eyja sem hafa margfaldast síðustu ár þar sem vel fer um tvo liggjandi sjúklinga um borð.

Nú þegar fjárhagsáætlun Vestmannaeyjabæjar fyrir árið 2022 er í vinnslu langar okkur að óska eftir aðstoð við fjármögnun á skipinu með langtímasamning til næstu ára.

Það er því von okkar félagsmanna að Vestmannaeyjarbær styðji við bakið á okkur í þessari fjárfestingu og hægt verði að ljúka þessu endurnýjunarferli, þar sem Björgunarfélag Vestmannaeyja hefur verið leiðandi í þeirri vinnu síðustu ár.

Meðfylgjandi er teikning af skipinu eins og það mun koma til með að líta út.

Virðingarfyllt
Arnór Arnórsson
formaður
Björgunarfélags Vestmannaeyja

Guðni Grímsson

Formaður
Björgunarbátasjóðs Vestmannaeyja



